



# Umhverfisúttekt á rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs Útdráttur

Júní 2010

**ATA**

---

# Inngangur

Í þessari kynningu eru sagt frá markmiðum, framkvæmd, umfangi og helstu niðurstöðum umhverfisúttektar fyrir innra starf Vatnajökulspjóðgarðs (VJÞ) sem unnin var í mars 2010.

INNRA STARF/UMSÝSLA

Innkaup – vörur

Innkaup – þjónusta

Úrgangur – meðhöndlun

Notkun á rekstarvörum

Orkunotkun

Ferðir á vegum VJÞ

Frárennismál

Vatnsnotkun


*Taflan sýnir umhverfisþætti Vatnajökulspjóðgarðs sem miðast við innra starf þjóðgarðsins og rekstur honum tengdum.*

## Markmið umhverfisúttektarinnar:

- x Fá yfirsýn yfir umhverfisþætti í innra starfi þjóðgarðsins og hverjir eru þeirra þýðingarmestir.
- x Geta forgangsraðað í umhverfisstarfinu þannig að markvisst sé unnið að umbótum í umhverfismálum sem varða reksturinn.
- x Byggja góðan grunn að því að innleiða umhverfisstjórnun hjá þjóðgarðinum þar sem allir starfsmenn eru virkir þátttakendur og unnið er markvisst að umhverfisstarfi í daglegum rekstri.
- x Fá fram upplýsingar sem nýtast sem hluti af þeim forsendum sem liggja til grundvallar við gerð Stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir þjóðgarðinn.

# Um umhverfisúttektina

- x Í umhverfisúttektinni voru umhverfisáhrif í innra starfi þjóðgarðsins kortlögð og lagt mat á mikilvægi umhverfisþáttanna.
- x Úttektin gefur skýra mynd af **þýðingarmiklum umhverfisþáttum** í rekstri þjóðgarðsins og hvaða **aðgerðir** eru mikilvægastar til að stuðla að vistvænum rekstri þjóðgarðsins.
- x Þannig er byggður góður grunnur að **innleiðingu umhverfisstjórnunar** í innra starfi þjóðgarðsins. Slík vinna fellur vel að þeim áformum þjóðgarðsins að fá **umhverfisvottun** fyrir þjóðgarðinn þegar fram í sækir.




# Umfang og takmarkanir

## Umfang

- × Í umhverfisúttektinni eru kortlagðir þeir þættir í innra starfi Vatnajökulsþjóðgarðs sem hafa umhverfisáhrif.
- × Með innra starfi er m.a. átt við innkaup á vegum þjóðgarðsins, ferðir starfsmanna, rekstur skrifstofu og reksturs annarrar aðstöðu og húsnæðis á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs (rauður hringur).
- × Úttektin nær ekki til þeirrar starfsemi þjóðgarðsins sem snýr að stjórnun og verndun. Fjallað er um þá þætti í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.

## Takmarkanir

- × Umhverfisúttektin var unnin á skömmum tíma, ekki reyndist unnt að afla tölulegra upplýsinga um alla umhverfisþættina. Til dæmis voru upplýsingar frá birgjum misgóðar og því var ekki alltaf hægt að sundurliða tölur eins vel og æskilegt hefði verið.



*Myndin sýnir umhverfisþætti VJP (bláir kassar) og hvernig þessir þættir hafa áhrif, staðbundin og hnattræn, á umhverfið. Áhrifin eru bæði rakin til starfsemi VJP og hagsmunaaðila þjóðgarðsins. Umfang úttektar miðast við innra starf Vatnajökulsþjóðgarðs og rekstur honum tengdum (rauður hringur).*

# Framkvæmd


Umhverfisteymi vann að upplýsingaöflun vegna umhverfisúttektar með aðstoð Alta. Í umhverfisteymiinu sátu aðilar frá öllum starfssvæðum Vatnajökulsþjóðgarðs auk aðila frá skrifstofu.

Aflað var upplýsinga úr ýmsum áttum:

- × Teknar voru saman upplýsingar um starfsleyfi og önnur atriði sem tengjast uppfyllingu löggjafar í skálum og annarri aðstöðu á vegum þjóðgarðsins. Þær upplýsingar fengust frá aðilum teymisins, rekstraraðilum og einnig frá heilbrigðiseftirlitum á hverju svæði. Haft var náið samráð við eftirlitin meðan á úttektinni stóð.
- × Tölulegar upplýsingar fengust úr bókhaldi og frá birgjum. Lykiltölum um umhverfispættina var safnað saman og myndaður grunnur að grænu bókhaldi sem nýtist vel í áframhaldandi umhverfisstarfi.

# Umhverfispættir Vatnajökulsþjóðgarðs

- x Umhverfispættir eru af margvíslegum toga og eiga uppruna sinn í ýmsum athöfnum innan þjóðgarðsins. Þessir þættir geta valdið umhverfisáhrifum, bæði staðbundnum og hnattrænum. Ýmsir hagsmunaaðilar eru beint eða óbeint tengdir þjóðgarðinum og geta haft áhrif á umhverfismál sem hann varða.



*Myndin sýnir umhverfispætti VJP (bláir kassar) og hvernig þessir þættir hafa áhrif, staðbundin og hnattræn, á umhverfið. Áhrifin eru bæði rakin til starfsemi VJP og hagsmunaaðila þjóðgarðsins. Umfang úttektar miðast við innra starf Vatnajökulsþjóðgarðs og rekstur honum tengdum (rauður hringur).*

# Innra starf þjóðgarðsins og tengdur rekstur

Rekstur Vatnajökulspjóðgarðs er á fjórum svæðum, tvö svæðanna byggja á fyrrum þjóðgörðum og er þar umsvifamest starfsemi. Á hinum svæðunum er uppbygging hafin. Eftirfarandi er yfirlit yfir rekstur VJP:


- x Norðursvæði rekur 4 tjaldsvæði í Jökulsárgljúfrum og gildir um þau 1 starfsleyfi. Þessu tilheyra m.a. snyrtihús, kamrar, starfsmannahús, heimili þjóðgarðsvarðar og Gljúfrastofa.
- x Austursvæði byggir upp gestastofu við Skriðuklaustur sem tekin verður í notkun sumar 2010.
- x Suðursvæði sér um rekstur í Skaftafelli; tjaldsvæði í Skaftafelli, snyrtihús, veitingastaður, skrifstofuhúsnæði, starfsmannaaðstaða, heimili þjóðgarðsvarðar, vatnsveita, seyrugryfja og brennustæði.
- x Vestursvæði rekur snyrtihús og kamar við Laka.

Aðstaða landvarða, starfsmanna þjóðgarðsins er aðallega í fjallaskálum ferðafélaga auk Hrauneyja og Hólaskjóls. Ferðafélögin og rekstraraðilar sjá um rekstur skála og aðstöðu, úrgangsmál og annað sem tilheyrir. Vatnajökulspjóðgarður er með 5 rekstrarleigubíla yfir allt árið og yfir sumartímamann eru að auki 4-5 bílaleigubílar á hálandinu.



# Hagsmunaaðilar

- x Fjöldargir hagsmunaaðilar hafa áhrif á umhverfismál þjóðgarðsins eða verða fyrir áhrifum vegna þeirra.
- x Ýmsir aðilar starfa innan þjóðgarðsins (sjá hvíta hringinn á myndinni) og hafa þeir bein áhrif á umhverfi þjóðgarðsins. Samstarf við þessa aðila er afar mikilvægt til framþróunar umhverfismála í þjóðgarðinum.
- x Margir aðilar sem starfa utan þjóðgarðsins (sjá bláa hringinn á myndinni) geta einnig haft töluverð áhrif á þróun umhverfismála í Vatnajökulsþjóðgarði. Góð upplýsingagjöf og gagnkvæm samskipti við þessa aðila eykur skilning og getur opnað ýmis tækifæri í þróun umhverfismála í þjóðgarðinum.



*Myndin sýnir helstu hagsmunaaðila þjóðgarðsins hvað varðar umhverfismál og þróun þeirra.*

# Mat á vægi umhverfispáttanna

- x Við uppbyggingu umhverfisstjórnunarkerfis er mikilvægt að tryggja að það nái til þeirra þátta sem geta haft umtalsverð umhverfisáhrif eða svokallaðra þýðingarmikilla umhverfispáttanna.
- x Við mat á þýðingarmiklum umhverfispáttum var notast við einfalda og hlutlæga nálgun í matinu. Hver umhverfispáttur var metinn samkvæmt þremur viðmiðum um umhverfisáhrif (staðbundin og hnattræn umhverfisáhrif og hætta á umhverfisslysi) og þremur viðmiðum um aðra drifkrafta (lög og reglur, mögulegur sparnaður og ímynd). Gefin voru 0 til 3 stig fyrir hvert viðmið, þar sem 0 þýðir engin áhrif en 3 þýðir mikil áhrif. Stigin eru síðan lögð saman fyrir hvern umhverfispátt.
- x Við matið er stuðst við lýsingu á umhverfispættinum, lykiltölur og umhverfisáhrif þeirra.

# Þýðingarmiklir umhverfispættir

## – helstu niðurstöður

- x Metnir voru átta umhverfispættir í innra starfi Vatnajökulsþjóðgarðs. Umhverfispættirnir fengu stig á bilinu 4 til 30. Þeir þættir sem fengu 24 stig eða fleiri eru hér skilgreindir sem þýðingarmiklir umhverfispættir. Við uppbyggingu umhverfisstarfs í rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs er mikilvægt að tryggja að skipulega sé unnið að stjórnun þessara þátta. Það þýðir þó ekki að aðrir þættir skipti engu máli en ekki er nauðsynlegt að vinna eins markvisst með þá þætti.
- x Í umhverfisstarfi þjóðgarðsins er mikilvægt að skipulega sé unnið með þá þætti sem teljast þýðingarmiklir samkvæmt matinu. Við mótun Stjórnunar- og verndaráætlunarinnar hefur verið tekið mið af niðurstöðu þessarar úttektar. Við mótun aðgerðaráætlunar þjóðgarðsins ætti enn fremur leggja áherslu á þýðingarmiklu umhverfispættina.

### Þýðingarmiklir umhverfispættir í rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs eru:

- x **Ferðir á vegum VJP** – Akstur og flugferðir starfsmanna, stjórnar, svæðisráða o.fl.
- x **Innkaup á þjónustu** – Dæmi: Úrgangslausun, skólplosun, leiga á aðstöðu fyrir landverði, hönnun- og prentþjónusta, ráðgjöf, verktakar vegna framkvæmda, bílaleiga, rekstrarleiga bifreiða
- x **Úrgangur í aðstöðu á vegum VJP** – Meðhöndlun, flokkun og skil
- x **Frárennismál í aðstöðu á vegum VJP** – Meðhöndlun og losun.

# Lög og reglur - umhverfismál

- x Ein meginkrafa umhverfisstjórnunarkerfa er að tryggja að starfsemi uppfylli lagalegar kröfur er varða umhverfismál. Útbúinn var lagalisti og kannað í aðalatriðum hve vel þjóðgarðurinn uppfyllir þessar kröfur.
- x Vatnajökulsþjóðgarður starfar á grundvelli laga frá 2007. Unnið er að uppbyggingu rekstrarsvæða. Rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs er ekki umfangsmikill og að hluta til utan þjóðgarðs. Aðstaða innan þjóðgarðsins, bæði starfsmanna og gesta er að mestu leyti á hendi annarra en þjóðgarðsins sjálfs. Við úttektina var fyrst og fremst kannað með uppfyllingu krafna varðandi rekstur sjálfs Vatnajökulsþjóðgarðs, í öðru lagi athugað með uppfyllingu krafna til rekstraraðila þar sem þjóðgarðurinn leigir aðstöðu og í þriðja lagi athugað með kröfur til annarra sem hafa yfir aðstöðu að ráða innan þjóðgarðsins.
- x Úttektin náði ekki til krafna annarra rekstraraðila en að ofan eru nefndir, s.s. í ferðapjónustu, né til krafna er varða vinnuvernd eða slyshættu og eldvarna. Þess í stað er vísað til yfirstandandi vinnu vegna forvarnaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs sem m.a. tekur til vinnuverndar.
- x Úttektin var unnin í góðu samstarfi við heilbrigðiseftirlit og koma þrjú eftirlit þar við sögu; Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands (svæðisfulltrúi Norðaustursvæðis) og Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

# Löggjöf - helstu niðurstöður

Löggjöf varðandi umhverfismál í tengslum við skála, skrifstofu og aðra aðstöðu:

- x Lagakröfur eru að mestu uppfylltar í **aðstöðu sem Vatnajökulspjóðgarður rekur**. Þó vantar tvö starfsleyfi fyrir snyrtihús og kamar. Þrátt fyrir að starfsleyfi séu fyrir hendi, fyrir nærri flesta aðstöðu, er þörf á því að tryggja betur að lagakröfur séu uppfylltar.
- x Lagakröfur eru að mestu uppfylltar í **aðstöðu sem Vatnajökulspjóðgarður leigir** fyrir landverði. Sú aðstoða er leigð af rekstraraðilum, aðallega ferðafélögum og eru öll starfsleyfi á þeirra vegum í lagi. Þrjú starfsleyfi vantar á Vestursvæði.
- x **Rekstraraðilar skála og annarrar aðstöðu** í garðinum uppfylla ekki allir lagakröfur hvað þessi mál varða. Meðal annars vantar tvö starfsleyfi á Suðursvæði og leyfi fyrir olíugeyma vantar á nokkrum stöðum.

Til að tryggja að þjóðgarðurinn uppfylli allar lagakröfur á sviði umhverfismála er þörf á betri yfirferð og samræma kröfur á milli svæða í samstarfi við heilbrigðiseftirlitin. Í úttektinni kom fram vilji heilbrigðiseftirlita til að samræma kröfur og aðstoða við að móta kröfur til rekstraraðila.

# Samspil við Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs

- x Við mótun Stjórnunar- og verndaráætlunarinnar var tekið mið af niðurstöðum úttektarinnar og þýðingarmiklum umhverfispáttum VJP sem eru innkaup á þjónustu, úrgangsmál, frárennsli og ferðir á vegum VJP.
- x Mótun umhverfisstefnu fyrir innra starf þjóðgarðsins og starfsmarkmið henni tengd er þannig samofin Stjórnunar- og verndaráætluninni.
- x Þýðingarmiklir umhverfispættir voru einnig tengdir inn í starfsmarkmið Stjórnunar- og verndaráætlunina.
- x Aðrar niðurstöður og upplýsingar úr úttektinni nýttust einnig inn í gerð starfsmarkmiða
- x Áðurnefnd atriði komu beint og óbeint inn í 13 af starfsmarkmiðunum.

# Samantekt og næstu skref

Nú liggur umhverfisúttekt fyrir og ljóst er hverjir umhverfispættir þjóðgarðsins eru, hver staða þeirra er og hvaða umhverfispættir eru þýðingarmestir. Við gerð úttektarinnar var einnig metin staða varðandi uppfyllingu löggjafar. Við gerð úttektarinnar komu jafnframt fram ýmsar hugmyndir að aðgerðum og næstu skrefum tengd löggjöf, verklagi og umhverfismálum almennt, m.a. frá teymi. Næsta skref er að setja fram markmið og aðgerðaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs (VJP) á grundvelli þeirra niðurstaðna.

**Lagt er til að markmið og aðgerðir í umhverfisstarfi taki mið af eftirfarandi forgangsröðun:**

1. Uppfylla lagalegar kröfur vegna umhverfismála í rekstri VJP.
2. Uppfylla lagalegar kröfur rekstraraðila vegna aðstöðu í VJP.
3. Uppfylla lagalegar kröfur og móta kröfur um umhverfismál fyrir rekstraraðila sem starfa innan VJP.
4. Innleiða umhverfisstjórnun og þannig tryggja gott verklag þar sem unnið er markvisst með þýðingarmikla umhverfispætti.
5. Aðgerðir tengdar þýðingarmiklum umhverfispáttum.

## Lokaorð

Ljóst er að gestum og rekstraraðilum þjóðgarðarins mun fjölga verulega á næstu árum og við það eykst enn frekar þörfin á því að skipulega sé unnið að umhverfismálum í innra starfi þjóðgarðsins. Með úttektinni hefur verið lagður grunnur að uppbyggingu umhverfisstjórnunar í þjóðgarðinum sem getur orðið árangursríkt verkfæri í starfsemi þjóðgarðsins sem styrkir eftirfylgni Stjórnunar- og verndaráætlunarinnar og uppbyggingu árangursríks umhverfisstarfs hjá þjóðgarðinum.